

Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2020, miðvikudaginn, 7. október 2020, var haldinn 11. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 17:04. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Ásmundur Jóhannsson, Berglind Eyjólfsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Árni Guðmundsson, Sævar Reykjálín og Aldís Ósk Björnsdóttir Diego. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á íþrótt- og tómstundamálum í Grafarvogi. Frestað.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. september - Ósk um umsögn um tillögu að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir Grafarvog. Samþykkt að kalla eftir athugasemdum íbúa í Grafarvogi og fela formanni í samráði við ráðið að skila athugasemdum fyrir tilskilin frest. Fulltrúar í ráðinu áskilja sér rétt til að skila eigin umsögn náist ekki eining um sameiginlegar athugasemdir ráðsins.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. september vegna auglýsingar á tillögu á breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 – Sérstök búsetuúrræði. Samþykkt að fela varaformanni að kanna málið nánar í samráði við ráðið og eftir atvikum skila athugasemdum fyrir tilskilinn frest.
4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. september vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4.
5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 14. september 2020 vegna breytinga á reglum um úthlutun í hverfissjóð Reykjavíkurborgar.
6. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 23. september vegna bókunar íbúaráðs Grafarvogs um ólykt frá Gufunessvæði.

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að íbúum í Grafarvogi verði kynnt svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og málið verði tekið áfram í samræmi við viðbrögð þeirra.

7. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
8. Lögð fram umsókn vegna Sumarborgar 2020 – hverfin. Þessi liður fundarins er lokaður. Samþykkt að heimila Hinu Húsinu að breyta og aðlaga verkefnið Fimmtudagsforleikur í Gufunesbæ að breyttum aðstæðum vegna Covid -19.

Fundi slitið kl. 18:00

Ásmundur Jóhannsson

Berglind Eyjólfsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Aldís Ósk Björnsdóttir Diego

Árni Guðmundsson
Sævar Reykjálín